

Ed.

475. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Við 21. gr. 1. másl. 1. málgr. orðist svo:

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær að dómi læknis, er skyldur að fara í viðunanlega vist eða í atvinnu, jafnt utan sem innan framfærsluhéraðs hans, sem sveitarstjórn útvegar og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað eða sem verkalýðsfélag á staðnum hefir ákveðið, meðan hann er ekki fær um án framfærslustyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Taka ber tillit til fjölskyldustærðar og tekjuþarfar styrkþurfa, þá horfið er að slíkri ráðstöfun.